

1872.

19. oktbr.

95. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um vöxtu af tveimur ríkisskuldabréfum í vörslum hins almenna skólasjóðs.

I bréfi, dagsettu 3. þ. m., hefir kirkju- og kennslustjórnin lýst því yfir, að hún væri fús til að láta af hendi úr hinum almenna skólasjóð til hins íslenzka landssjóðs skuldabréf þau, sem um er rætt í bréfi dómsmálastjórnarinnar, 3. ágúst þ. á., — annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., — og hefir hún jafnframt gefið til kynna, að hún mundi skipa fæhirði háskólans, að framselja innskriptarskírteini það, sem gefið er út fyrir 600 rd. og merkt er með stafnum C. fol. 1211, og borga í peningum 9 rd. 42 sk., þegar sagt yrði til, hver við ætti að taka og kvitta fyrir.

Um leið og vör útaf þessu gefum kirkju- og kennslustjórninni til vitundar, að vör munum bjóða fæhirði dómsmálastjórnarinnar, kansellíráði *Petersen*, að taka við og kvitta fyrir hvortveggja, verðum vör, ef vextir hafa verið heimtir af tæðu innskriptarskírteini eptir 1. dag apríl. f. á., að bera það upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún eigi finni ástæðu til að láta einnig borga tæðum fæhirði vöxtuna, samkvæmt því, sem hún hefir ákveðið um sjálfa innstæðuna, og búumst vör við, að fá vitneskju um hvað afráðið verður í þessu tilliti ¹.

25. oktbr. **96. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um breyting á tilskipun 15. desbr. 1865, 2. grein.**

Samkvæmt tilmælum sýnóðusfundar, sem haldinn var í

¹) Í bréfi 31. oktbr. svaraði kirkju- og kennslustjórnin, að vextir þessir yrði eigi borgaðir, með því þegar væri búið að telja þá með tekjum í reikningi hins almenna skólasjóðs.

1872.

25. oktbr.

Reykjavík í sumar, við stíptsyfirvöldin um, að send yrði bænarskrá til stjórnarráðsins um breytingu á tilsk. 15. desbr. 1865, 2. grein, hafið þér, herra stíptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 21. ágústm. þ. á., stungið uppá, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til lagaboðs, sem breyti 2. gr. í tæðri tilskipun annaðhvort á þá leið, að þau prestaköll á Íslandi, sem metin eru fram yfir 1000 rd., að eins verði talin í 1. flokki (aðalbrauð), og veitt af hans hátign konunginum, eða á þá leið, að það verði ákveðið, að nokkur af hinum stærstu brauðum á Íslandi eptir því mati, sem þá gildir í hvert skipti, svo sem sex, átta eða tíu af þeim prestaköllum, sem hæzt eru metin, skuli veitt af konungi. Til samlags við þetta hafið þér álitid æskilegt, að gjörðar yrði við þetta tækifæri ýmsar breytingar, sem þér nákvæmar hafið útlistað, á því fyrirkomulagi, sem nú er á veitingu prestakalla á Íslandi, og hafið þér, ef stjórnarráðið eigi finni ástæðu til að leitast við að breyta þeim reglum, sem nú gilda um þetta efni, með lagaboði á þá leið, sem þér hafi bent til, eða á líkan hátt, að endingu stungið uppá, að það verði lagt biskupinum á Íslandi fyrir, að senda skýrslu um það með fyrsta pósti, þegar aðalbrauð losnar, svo það verði auglýst, ef þess þykir við þurfa, í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidende*), áður en biskup sendir hingað með álitinu bónarbréfin um brauðið, sem til hans eru komin.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að stjórnarráðinu í öllu falli nú sem stendur finnst eigi vera næg ástæða til, að koma því til leiðar, að breyting verði gjörð á þeim ákvörðunum, sem nú eru í gildi um veitingu prestakalla á Íslandi, en aptur á móti er það samþykkt, að send sè hingað skýrsla með fyrsta pósti, jafnskjótt og aðalbrauð losnar, og um leið skýrt frá brauðinu o. s. frv.